

Fundur í fræðslunefnd þriðjudaginn 22.03.2011

Mættir: Arnfríður Aðalsteinsdóttir, María Guðmundsdóttir, Sóley Vífilsdóttir, Helgi Mar Árnason, Ólöf Kristín Armundsdóttir, Hlöðver Gunnarsson, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson og Sólveig Óladóttir

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans.
Útivistardagur var í byrjun mars sem tókst vel. Kærleikspema hefur verið í gangi undanfarið. Árshátíð grunnskólans verður haldin 7. apríl n.k. 7-10 bekkur fara á Laugaleika um næstu helgi. Upplestrarkeppnin verður haldin 24. mars n.k
2. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.
Sóley flutti greinargóða skýrslu, starfið gengur sinn vanagang, umræða fór fram um þá ákvörðun að taka inn 1. árs börn. 37 börn eru í leikskólanum í dag
3. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Bakkafjarðar.
Skólinn tekur þátt í upplestrarkeppninni n.k fimmtudag. 8 bekkur tekur þátt verkefninu reyklus bekkur. Árshátíð er framundan. 8 bekkur tekur þátt í knapamerki .
4. Tónlistarskóli.
Umræða fór fram. Skólastjóra og formanni fræðslunefndar falið að ræða við tónlistarkennara
5. Bréf frá nemendum 7. bekkjar v/stóla í kennslustofu.
Fræðslunefnd þakkar fyrir gott bréf, nefndin tekur ósk 7. bekkjar til athugunar og er Skólastjóra falið að fara yfir málið með iðjubjálfa. Formaður skólanefndar svarar innkomnu erindi.
6. Kynning á bréfi frá menntamálaráðuneytinu. Arnfríður kynnti málið
7. Ferð Fræðslunefndar til að skoða skóla í næsta nágrenni. Umræða fór fram. Skólastjóra GP og formanni fræðslunefndar falið að vinna málið áfram.
8. Uppsögn Leikskólastjóra.
Steinunn Guðnadóttir segir upp starfi sínu frá og með 1. apríl og eru starfslok hennar því 31. júlí n.k. Sveitarstjóra falið að auglýsa stöðuna
9. Námskeið fyrir skólanefndir. Hugur í nefndinni að sækja námskeið. Formanni falið að kynna sér málið.
10. Tölvukerfi í Grunnskólanum.
Arnfríður kynnti endurnýjun tölvukerfis skólans, tölvuvagn er kominn í notkun með 10 fartölvum sem gerir það að verkum að 1 kennslustofa losnar. Áætlaður kostnaður er 6.500.000
Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið